



Menningarstefna Fjarðabyggðar

2019-2021

Efnisyfirlit

Formáli	3
Menningarþáttaka	4
Börn og menningaruppeldi	5
Faglegt og framsækið starfsumhverfi	6
Skapandi stjórnkerfi	8

Formáli

Fjarðabyggð er fjölkjarna menningarsamfélag sem fagnar fjölbreytileika og skapandi hugsun. Menning er grundvallarþáttur í hverju samfélagi og mikilvægur hlekkur í vaxtar- og þróunarmöguleikum þess.

Tækifæri til að skapa og njóta menningar er hverjum einstaklingi mikilvægt óháð aldri, stöðu og búsetu, enda er menning órjúfanlegur hluti af sjálfsmynd einstaklingsins og sjálfstjórningu hans.

Metnaðarfullt menningarlíf í sveitarfélaginu kristallast í samvinnu, virkri þátttöku íbúa, virðingu fyrir náttúru og menningarverðmætum og samnýtingu auðlinda sveitarfélagsins.

Öflugt menningar- og listalíf í Fjarðabyggð er auðlind sem byggja skal á til framtíðar. Menningarstarf eykur lífsgæði og skipar veigamikinn sess í daglegu lífi fólks. Möguleikar einstaklinga til virkra þátttöku í menningarlífi veita lífsfyllingu, efla orðspor sveitarfélaga og styrkja ferðaþjónustu. Enn fremur gegnir öflugt menningarlíf mikilvægu hlutverki í atvinnuþróun, hefur jákvæð áhrif á byggðapróun og eykur byggðafestu.

Menningarstefna Fjarðabyggðar tilgreinir megináherslur í menningarmálum og inniheldur aðgerðaáætlun þar sem forgangsverkefni eru útskýrð. Til að framgangur menningar- og listastarfs í sveitarfélaginu sé til fyrirmyndar á hverjum tíma skal endurskoða menningarstefnu og aðgerðaáætlun á tveggja ára fresti.

1. Menningarþátttaka

Fjarðabyggð er fjölkjarna og fjölmenningslegt samfélag sem leggur áherslu á gott aðgengi að menningu fyrir alla, óháð uppruna, búsetu og efnahag.

Fjarðabyggð telur öflugt menningarlíf grundvöll fyrir auknum lífsgæðum íbúa sem gerir sveitarfélagið að eftirsóknarverðum stað til búsetu.

Fjarðabyggð vill tryggja samstarf við ólíka hópa og stuðla að auknu framboði fjölbreyttra viðburða og fræðslu.

Markmið

- Að stuðla að samstöðu innan sveitarfélagsins og veita íbúum mörg tækifæri til að hittast, upplifa og ræða ólík sjónarmið.
- Að nýta afl sitt sem víðfeðmt fjölkjarna sveitarfélag til að viðurkenna og hlúa að menningu, sögu og sérstöðu hvers samfélagskjarna.
- Að stuðla að því að viðburðir fari fram sem víðast um sveitarfélagið.
- Að standa vel að kynningarmálum fyrir heimafólk og gesti og hvetja íbúa til að sækja viðburði milli staða.
- Að íbúar hafi möguleika á og séu hvattir til að upplifa sköpun í fjölbreyttri mynd og tileinka sér leiðir til tjáningar gegnum skapandi ferli.

Aðgerðir

1. Menning fyrir alla

Menningarstofa er vöktunaraðili menningarumhverfis í Fjarðabyggð, sem felst í að greina þarfir ólíkra hópa og koma til móts við þarfir og langanir sem flestra. Menningarstofa leggur áherslu á að tryggja aðgengi allra íbúa svæðisins að menningu og listum, óháð búsetu, uppruna og þjóðfélagsstöðu. Menningarstofa Fjarðabyggðar er tengiliður við grasrótarsamtök á sviði menningar, svo sem áhugaleikfélög og kóra, og stuðlar að góðu aðgengi til viðburðarhalds í húsnæði á vegum sveitarfélagsins. Menningarstofa leggur til sérverkefni í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

2. Menningarhátíðir

Hátíðir eru haldnar reglulega víðsvegar um Fjarðabyggð af sjálfstæðum framkvæmdaraðilum. Fjarðabyggð styður með árlegu fjárframlagi við rótgrónar hátíðir en nýjar hátíðir sem halda á reglulega geta sótt um aðgang að fjárframlagi. Menningarstofa og upplýsingafulltrúi Fjarðabyggðar veita faglega ráðgjöf við dagskrárgerð hátíða, markaðssetningu og framþróun þeirra.

3. Listahátíð Fjarðabyggðar

Listahátíð Fjarðabyggðar verður komið á fót og haldin á tveggja ára fresti frá og með 2020. Menningarstofa sér um skipulag og framkvæmd hátíðarinnar. Listahátíðin kynnir fjölbreytta listsköpun fyrir íbúum sveitarfélagsins og er mikilvægur vettvangur fyrir listafólk í Fjarðabyggð. Listahátíð Fjarðabyggðar er unnin í samstarfi við fagaðila á sviði menningar og lista innan sem utan sveitarfélagsins.

4. Skilvirk kynningargátt

Leita þarf skilvirkra leiða til kynningar á viðburðum svo þeim sé miðlað á skýran hátt til íbúa og gesta, á fleiri en einu tungumáli þar sem við á. Menningarstofa í samstarfi við upplýsingafulltrúa Fjarðabyggðar og Austurbrú, mun standa á bak við skilvirka kynningargátt þar sem bæði heimamenn og ferðamenn geta kynnt sér menningar- og listalíf á svæðinu.

5. Samgöngur

Fjarðabyggð nær yfir víðfeðmt svæði og sveitarfélagið leggur áherslu á greiðar samgöngur innan sveitarfélagsins. Menningarstofa tekur þátt í samtali um útfærslu á almenningsamgöngum í sveitarfélaginu, með sérstaka áherslu á aðgengi íbúa að menningarviðburðum.

2. Börn og menningaruppeldi

Fjarðabyggð telur að menning og listsköpun séu nauðsynlegur og mikilvægur þáttur í daglegu lífi barna og ungmenna, stuðli að auknum alhliða þroska og mótun heilbrigðrar sjálfsmyndar.

Fjarðabyggð álitur að fjölbreyttar fyrirmyndir barna og ungmenna og þjálfun í tjáningu stuðli að auknu umburðarlyndi og víðsýni.

Menningartengt fræðslustarf skal vera til fyrirmyndar í skólum

Fjarðabyggðar og skapandi ferli eðlilegur hluti af daglegu starfi skólanna.

Markmið

- Að tryggja börnum jöfn tækifæri til að iðka listsköpun allt árið, á eigin forsendum óháð búsetu og félagslegri stöðu.
- Að tryggja aðkomu listamanna og menningarstofnana að fræðslu á vegum skóla- og frístundastofnana.
- Að auka framboð á fjölbreyttri listmenntun og listviðburðum fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu.
- Að stuðla að nýjum hugmyndum og ferskum blæ í starfsumhverfi og kennslunálgun í skóla- og frístundastofnunum í Fjarðabyggð.

Aðgerðir

1. Þverfaglegt samstarf

Menningarstofa er tengiliður leik-, grunn- og tónlistarskóla, safna og annarra stofnana sveitarfélagsins við fagaðila úr skapandi greinum. Menningarstofa vinnur markvisst að auknu aðgengi að skapandi námi og starfi í samstarfi við fræðslustjóra, íþrótt- og tómstundafulltrúa og Safnastofnun Fjarðabyggðar. Enn fremur hvetur Menningarstofa til innleiðingar skapandi ferla í skólum, menningar- og frístundastarfi í Fjarðabyggð.

2. Smiðjudagar í grunnskólum

Einu sinni á ári stendur Menningarstofa fyrir smiðjudögum í grunnskólum Fjarðabyggðar í nánu samstarfi við skólastjóra, fræðslustjóra, tónlistarskóla og stofnanir í sveitarfélaginu. Áhersla er lögð á kynningu á hinum ýmsu listformum, þjálfun í fjölbreyttum listgreinum og að nemendur tileinki sér viðtæka tækni í listsköpun í vinnustofum með listamönnum.

3. Tónlistarkennsla í leikskólum

Menningarstofa leiðir þróunarverkefni í leikskólum Fjarðabyggðar þar sem boðið er upp á sérhæfða tónlistar- og hlustunarkennslu fyrir yngri börn með áherslu á þjálfun starfsfólks í tónlistarkennslu. Verkefnið er unnið í samstarfi við leikskólastjóra, tónlistarskóla og fræðslustjóra.

4. BRAS — menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi

Menningarstofa er fulltrúi sveitarfélagsins í samstarfi á Austurlandsvísu um framkvæmd og framþróun á BRAS — menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Einkunnarorð hátíðarinnar eru Þora! Vera! Gera! og þar er börnum gefið tækifæri til að taka þátt í og njóta fjölbreyttra menningarviðburða. BRAS er unnið í samstarfi við menningarmiðstöðvar á Austurlandi.

5. Fjölbreytt sumarstarf

Menningarstofa hefur frumkvæði að þróunarverkefni um heildræna sýn á fjölbreytt frístundastarf í Fjarðabyggð á sumrin. Menningarstofa tekur þátt í skipulagningu sumarnámskeiða fyrir grunnskólanemendur, fræðsluviku fyrir nemendur vinnuskólans og þróar umgjörð um skapandi sumarstörf. Samstarfsaðilar innan Fjarðabyggðar eru Safnastofnun, íþrótt- og tómstundafulltrúi, fræðslufulltrúi og sviðsstjóri framkvæmdasviðs.

3. Faglegt og framsækið starfsumhverfi

Fjarðabyggð hvetur til framsækinnar menningar- og liststarfsemi sem ber með sér ferska vinda og byggir upp nýjan sameiginlegan menningararf.

Fjarðabyggð styður við listafólk, grasrót og sjálfstæðar listastofnanir og telur mikilvægt að starfræktar séu gestavinnustofur í sveitarfélaginu.

Fjarðabyggð vill stuðla að aukinni fjölbreytni í atvinnulífi og fjölgun starfa á sviði menningar og lista.

Fjarðabyggð veitir málefnum tónlistar á Austurlandi forystu og stuðlar að framþróun listgreinarinnar á fjórðungsvísu.

Markmið:

- Að rækta samband við grasrótina og styðja við starfandi listamenn sem búa í Fjarðabyggð.
- Að styrkja sjálfstæðar listastofnanir og fjölga störfum á sviði menningar.
- Að stuðla að gæðum í móttöku listafólks og viðgangi gestavinnustofa.
- Að auka sýnileika menningararfsins og sérkenni samfélagsins.
- Að styrkja blómlegt tónlistarlíf, hlúa að vaxtarsprotum og efla tónlistarnám.

Aðgerðir

1. Menningarstyrkir

Menningar- og nýsköpunarnefnd Fjarðabyggðar ráðstafar árlega menningarstyrkjum til að efla menningarstarfsemi samanber reglur vegna úthlutunar menningarstyrkja. Gæta þarf jafnræðis í styrkjafyrirkomulagi sveitarfélagsins. Fyrir liggur alhliða endurskoðun á fyrirkomulagi menningarstyrkja sveitarfélagsins og Menningarstofa mótar tillögu að umgjörð og útfærslu menningarstyrkja.

2. Menningarmessa

Menningarstofa gengst annað hvert ár fyrir menningarmessu, sem er opin umræðu- og samstarfsvettvangur fag- og áhugafólks í Fjarðabyggð um menningu, list og skapandi starf.

3. Stuðningur við sjálfstæðar lista- og menningarstofnanir

Menningar- og nýsköpunarnefnd viðurkennir mikilvægi sjálfstæðra listastofnana sem vinna í þágu menningar, s.s. Tónlistarmiðstöðvar Austurlands og Sköpunarmiðstöðvarinnar á Stöðvarfirði. Leitast skal við að styðja listastofnanirnar með langtíma skuldbindingu í huga svo þær geti dafnað á eigin forsendum og stuðlað að framþróun í listum.

4. Gestavinnustofur

Menningarstofa gegnir lykilhlutverki sem samstarfsvettvangur sveitarfélagsins við að skapa aðstöðu fyrir fræði- og listamenn og styðja við starfandi gestavinnustofur. Menningarstofa leitar eftir samstarfi við gestavinnustofur í sveitarfélaginu og menningarmiðstöðvar landshlutans til eflingar starfseminnar. Menningarstofa útfærir einnig stefnu og áætlun fyrir Jensenshús.

5. Tenging við safnastarf

Tengsl Safnastofnunar Fjarðabyggðar og Menningarstofu verða styrkt og eflid með reglubundnum fundum, t.a.m. um málefni listaverkæignar Fjarðabyggðar sem er í umsjón Safnastofnunar. Greina þarf snertifleti sem geta leitt af sér samstarfsverkefni og eflt sérstöðu samfélagsins.

6. Kortlagning menningarauðlinda

Menningarstofa hefur frumkvæði að myndrænni kortlagningu á menningarauðlindum Fjarðabyggðar. Verkefnið mun veita Menningarstofu og samstarfaðilum dýpri innsýn í auðlindir sveitarfélagsins, og nýtast jafnt við innviðauppbýggingu sem og til kynningar.

7. Alþjóðamál

Menningarstofa gerir tillögur að framþróun vinabæjarsamskipta og hvernig þau megi hafa víðtækari jákvæð áhrif á samfélagið. Menningarstofa leggur til og veitir ráðgjöf um þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og leitar leiða til að nýta auðlindir þess fjölmenningarlega samfélags sem er í Fjarðabyggð og fagna þannig menningu fólks af ólíkum uppruna.

8. Þróttmikið tónlistarlíf

Tónlistarmiðstöð Austurlands gegnir lykilhlutverki í tónlistarlífi á Austurlandi og er ráðgefandi milliliður fyrir tónlistarfólk og tónlistarskóla í sveitarfélaginu. Menningarstofa og Tónlistarmiðstöð eru í virku samstarfi með það að markmiði að hlúa að vaxtarsprotum á sviði tónlistar í sveitarfélaginu.

4. Skapandi stjórnkerfi

Fjarðabyggð hvetur allar stofnanir sveitarfélagsins til að tileinka sér stjórnun þar sem frumkvæði og skapandi ferli eru höfð í hávegum.

Fjarðabyggð telur að skapandi hugsun skuli höfð að leiðarljósi í samstarfi þvert á svið og stofnanir sveitarfélagsins, enda sé skapandi hugsun grundvöllur framþróunar í sveitarfélaginu.

Í Fjarðabyggð er menntun, reynsla og þekking á sviði lista og skapandi greina metin að verðleikum.

Markmið:

- Að svið og stofnanir tileinki sér menningarstefnu sveitarfélagsins og stuðli að innleiðingu skapandi hugsunar.
- Að samstarf sviða og stofnana Fjarðabyggðar sé byggt á opinni samræðu þar sem nýjum hugmyndum er tekið fagnandi.
- Að stuðla að faglegri nálgun á menningarmál.
- Að Fjarðabyggð móti framtíðarsýn á framgang skapandi greina í sveitarfélaginu.

Aðgerðir

1. Samstarf þvert á svið

Menningarstofa kynnir menningarstefnu og starfsemi Menningarstofu fyrir sviðum, stofnunum og fastanefndum Fjarðabyggðar. Nefndir og stjórnendur stofnana eru hvattir til að kalla forstöðumann Menningarstofu til skrafs og ráðagerða. Menningarstofa er vakandi fyrir því að draga svið og stofnanir að borðinu, leiða samstarf og leggja til samstarfsverkefni þar sem við á.

2. Menningaráherslur í skipulagsmálum

Mannvænt umhverfi þarf að vera lykilþáttur í skipulagsmálum Fjarðabyggðar. Hönnunarhugsun og skapandi ferli skal vera hluti af verkferlum í skipulagsmálum, t.a.m. við hönnun mannvirkja, mótun miðbæjarkjarna, umhverfis og innviða. Menningarstofa veitir ráðgjöf varðandi nýtingu gamalla húsa og útfærslu á starfsemi og hönnun þeirra. Forstöðumaður Menningarstofu og sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs skulu halda reglubundna fundi.

3. Listaverk í umhverfinu

Lögð er áhersla á að listaverk séu hluti af heildarmynd bygginga og útisvæða sveitarfélagsins. Tekið verður mið af 14. gr. myndlistarlaga nr. 64/2012. Tryggja þarf aðkomu listamanna að mótun bygginga og umhverfis sem órjúfanlegum hluta af heildinni.

4. Atvinnuþróun

Skapandi greinar eru mikilvægur þáttur í samfélags- og atvinnuþróun í sveitarfélaginu og því mun menningar- og nýsköpunarnefnd móta stefnu í málefnum nýsköpunar, ferðaþjónustu og skapandi greina í Fjarðabyggð.

5. Fagleg nálgun í menningarmálum

Fjarðabyggð hagar stuðningi við menningarstarfsemi í samræmi við regluna um hæfilega fjarlægð. Lögð er áhersla á gegnsæi í styrkveitingum, faglegt val í nefndir sem fara með menningarmál og fagmennsku í meðhöndlun menningarmála.

VIÐAUKI 1

Um Menningarstofu Fjarðabyggðar

Menningarstofa Fjarðabyggðar var stofnuð árið 2017, sem deild innan sveitarfélagsins. Þar starfar forstöðumaður í fullu starfi. Hlutverk Menningarstofu er að efla menningu listir og skapandi starf í Fjarðabyggð, þvert á svið og stofnanir og þjóna sem tengiliður milli stjórnkerfis, fagumhverfis og grasrótarstarfsemi í listum og menningu. Menningarstofa starfar einnig að framgangi málaflokksins á Austurlandsvísu fyrir hönd Fjarðabyggðar.

Veigamestu verkefni Menningarstofu eru að:

1. Leiða og framkvæma áhersluverkefni í menningarstefnu Fjarðabyggðar.
2. Veita Tónlistarmiðstöð umsjón samkvæmt samningi.
3. Stuðla að nýsköpun og framþróun í menningarstarfi og listum í samráði við stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga í Fjarðabyggð.
4. Starfa sem milliliður og samráðsvettvangur fyrir sjálfstæðar listastofnanir til að styrkja starfsumhverfi þeirra og fjölga tækifærum til samstarfsverkefna.
5. Greina og rýna í stöðu menningarstarfs í stofnunum Fjarðabyggðar, veita umsagnir og leggja til verkefni.
6. Þjóða upp á ráðgjöf við innleiðingu skapandi hugsunar og skapandi verkferla fyrir stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í Fjarðabyggð.

Samkvæmt fyrstu menningarstefnu Fjarðabyggðar, sem samþykkt var 2017, var áætlað að Menningarstofa yrði klasaverkefni í samstarfi sveitarfélagsins, fyrirtækja og félagasamtaka í sveitarfélaginu og Tónlistarmiðstöðvar Austurlands og nyti fjárframlags frá aðilum hennar. Menningarstofa hefur starfað í tvö ár og hefur mikið mótunarstarf átt sér stað á þeim tíma. Menningarstofa er í reglulegum samskiptum við grasróttina, fagaðila á sviði menningar og einkageirann en þessir ólíku hópar eru meðvitaðir um ávinninginn af frjóu menningarlífi. Þrátt fyrir það hefur ekki verið grundvöllur til að umbreyta Menningarstofu í klasaverkefni og meta þarf hvort slíkt form sé fýsilegt fyrir Menningarstofu á komandi árum.

Í janúar 2018 útvistaði stjórn Tónlistarmiðstöðvar Austurlands starfsemi miðstöðvarinnar til Menningarstofu og er sú starfsemi eitt veigamesta verkefni Menningarstofu. Þessi leið gefur ákveðna möguleika til samnýtingar þjarga en hefur líka í för með sér hömlur á vexti Tónlistarmiðstöðvar sem sjálfstæðrar listastofnunar, enda er fagsvið hennar tónlist og krefst sú vinna sérþekkingar. Til að Tónlistarmiðstöð nái að styðja við tónlistarlífið á faglegum og listrænum forsendum er nauðsynlegt að miðstöðin sé leidd af fagaðila sem vinnur stutt og stöðugt að því að þróa og leiða starfsemi miðstöðvarinnar. Tónlistarmiðstöð þarf að starfa sjálfstætt á forsendum tónlistar og því er orðið tímabært að ráða starfsmann sem getur framfylgt því verkefni svo sæmd sé að. Þetta framtak mun stuðla að atvinnuuppbyggingu í faginu og fjölga stöðugildum í menningargeiranum í Fjarðabyggð.

VIÐAUKI 2

Helstu samstarfsaðilar menningarstofu

Tónlistarmiðstöð Austurlands var stofnuð 2001 og starfar samkvæmt samþykkt frá 2018. Tónlistarmiðstöð stendur fyrir og stuðlar að lista- og menningarstarfi í Fjarðabyggð með áherslu á tónlist. Tónlistarmiðstöð er samstarfsaðili annarra menningarmiðstöðva á Austurlandi varðandi stefnumótun í málefnum tónlistar fyrir landshlutann og samstarfsverkefna á breiðum grunni.

Fjarðabyggð hefur stutt við starfsemi Tónlistarmiðstöðvar Austurlands frá upphafi með fjárframlagi og gildir samningur á milli Fjarðabyggðar, SSA og Tónlistarmiðstöðvar til loka árs 2019. Samkvæmt menningarstefnu eiga Tónlistarmiðstöð og Menningarstofa að vera í virku samstarfi með það að markmiði að hlúa að vaxtasprotum á sviði tónlistar í sveitarfélaginu. Sameiginleg verkefni eru t.a.m. þátttaka í menningarmessu, Listahátíð Fjarðabyggðar, smiðjudagar í skólum og tónlistarkennsla í leikskólum.

Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði hefur verið starfrækt síðan 2011 og er samvinnufélag sem byggir á sjálfbærri nálgun og óhefðbundnum vinnuaðferðum. Miðstöðin er staðsett í fyrrum frystihúsi og hefur starfsteymi miðstöðvarinnar lyft grettistaki í að standsetja húsið en sú vinna er ennþá í fullum gangi. Í Sköpunarmiðstöðinni er trésmíðaverkstæði, járnsmíðaverkstæði, keramikverkstæði og prentverkstæði auk tónleikasalar og hljóðversins Stúdíó Siló sem er ennþá í smíðum. Sköpunarmiðstöðin rekur alþjóðlegar gestavinnustofur fyrir listamenn og heldur uppi lífandi menningarlífi á svæðinu.

Um þessar mundir er verið að ganga frá þjónustusamningi milli Fjarðabyggðar og Sköpunarmiðstöðvar. Samkvæmt menningarstefnu er Menningarstofa í virku samstarfi með Sköpunarmiðstöð svo hún geti dafnað á eigin forsendum og stuðlað að framþróun skapandi greina. Sameiginleg verkefni eru t.a.m. þátttaka í menningarmessu, Listahátíð Fjarðabyggðar, smiðjudagar í skólum, þróun skapandi náms og vinna að atvinnuþróun á sviði skapandi greina.

Aðrir samstarfsaðilar Menningarstofu í Fjarðabyggð

- Fræðslustofnanir; leiksskólar, grunnskólar, tónlistarskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, vinnuskóli og Verkmenntaskóli Austurlands.
- Söfn og setur.
- Sjálfstæðir aðilar og fyrirtæki í viðburðahaldi, félagsheimili og önnur félagasamtök.

Aukinheldur starfar menningarstofa með fjölmörgum aðilum innan og utan Fjarðabyggðar.

VIÐAUKI 3

Um endurskoðun menningarstefnu

Menningarstefna Fjarðabyggðar var upphaflega skrifuð á árunum 2015-2016 undir stjórn Helgu Guðrúnar Jónasdóttur. Starfshópur fundaði tvisvar sinnum árið 2015 og var stefnan í kjölfarið samþykkt 1. febrúar 2017. Þáverandi formaður menningar- og safnanefndar var Dýrunn Pála Skaftadóttir.

Í ársbyrjun 2019 hófst vinna við endurskoðun menningarstefnu. Vinnan var leidd af forstöðumanni Menningarstofu Fjarðabyggðar, Kórnu Sigurðardóttur, sem réð Tinnu Guðmundsdóttur, menningarstjórnanda og listamann, sem ráðgjafa við verkefnið. Fyrsti vinnufundur var haldinn 11. janúar þar sem stefnan var yfirfarin og gert var stöðumat á aðgerðum. Endurskoðuð stefna byggir á grunni fyrri stefnu en aðgerðaráætlun hefur verið gerð mun skýrari, og þá helst hverjir framkvæmda- og ábyrgðaraðilar eru í hverri aðgerð.

Stefnunni er skipt upp í fjóra kafla auk formála:

1. Menningarþátttaka
2. Börn og menningaruppeldi
3. Faglegt og framsækið starfsumhverfi
4. Skapandi stjórnsýsla

Hver kafli inniheldur stutt leiðarljós, þrjú til fjögur markmið og fjórar til sjö aðgerðir.

Fyrsti kafli tekur á menningarlegum fjölbreytileika, dreifingu viðburða og miðlun til íbúa. Allar aðgerðir miða að því að auka lífsgæði bæjarbúa og leiða þá saman. Annar kafli er tileinkaður börnum og ungmennum. Í þeim kafla má finna fimm nýjar aðgerðir sem allar eru nú þegar í mótn hjá Menningarstofu. Þriðji kafli snýr að uppbyggingu faglegs umhverfis, bæði fyrir listamenn, grasrót og sjálfstæðar stofnanir. Þar er tónlist sérstaklega nefnd enda byggir tónlistarlíf í Fjarðabyggð á sterkum stöðum, og því vert að sérstök áhersla sé lögð á viðgang tónlistar í sveitarfélaginu. Fjórði og síðasti kafllinn fjallar um menningaráherslur innan stjórnkerfisins.

Í endurskoðunarferli var stefnan lesin og yfirfarin af öllum skólastjórum í Fjarðabyggð, hópi úr grasrót á opnum fundi, embættismönnum, stjórn Tónlistarmiðstöðvar Austurlands og sérfræðingum í stefnumótun utan Fjarðabyggðar. Þá var stefnan kynnt í öllum fastanefndum Fjarðabyggðar utan barnaverndarnefndar.

Niðurstaðan er öflug og metnaðarfull menningarstefna þar sem kaflaskipting er skýrari en í fyrri stefnu, aðgerðir eru hnitmiðaðri og ábyrgðaraðili er tilgreindur hverju sinni. Aðgerðirnar eru hugsaðar til tveggja ára og er þarft að rýna ítarlega niðurstöður hvorrar aðgerðar eftir þann tíma.